

Líf & fjör


Abstraktið að fara...

Síðustu forvöð að sjá á einum stað yfirlit yfir íslenska abstraktlist á árunum 1950-60 en sýningunni Draumurinn um hreint form í Listasafni Íslands lýkur á sunnudag. Þeir sem ekki treysta sér til að rýna hjálparlaust í verkin geta mætt niður í Listasafn kl. 15 á morgun og fengið leiðsögn um sýninguna en á henni eru 73 verk eftir 19 íslenska listamenn og 3 erlenda. Til að gefa hinni geómetrísku list viðari skírskotun eru sýndir frumdrættir að húsum sem byggð voru á landinu á þessum tíma og ættu þá menn að geta glöggvað sig á samhenginu milli myndlistar og húsagerðar á þessum tíma. Fleira en leiðsögnin er til að upplýsa fólk um þankaganginn að baki abstrakt listinni; úrtak blaðagreina með myndlistarumfjöllun tímabilsins, hálf-tímamyndband um þróun í list Þorvaldar Skúlasonar frá landslagsmálverki yfir í non-figuratífa abstraktlist, tæplega klukkutímamyndband á ensku þar sem fjallað er um helstu frumkvöðla abstraktlistar; Kandinský, Mondrian, Malevitsj og fleiri.



Hver var Brynjólfur Bjarnason?

Áhugamenn um heimspeki ættu að mæta í Hátíðarsal Háskóla Íslands á morgun kl. 13.30 en þá hefst málþing um heimspeki Brynjólfs Bjarnasonar á vegum Félags áhugamanna um heimspeki. Tílefnid er 100 ára ártíð Brynjólfs en hann var ekki aðeins mikilvirkur stjórnmálamaður heldur telst hann einn helsti frumkvöðull heimspekiiðkunar á Íslandi og ritaði fjölmargar bækur um heimspeki. Dagskráin hefst með ávarpi rektors, þá flytur Einar Ólafsson, rithöfundur, erindið „Hver var Brynjólfur Bjarnason?“, næstur á mælendaskrá er Eyjólfur Kjalar Emilsson, heimspekíprófessor við Óslóaháskóla, með erindið „Brynjólfur Bjarnason um frelsi viljans“ og lýkur dagskránni með erindi Skúla Pálssonar, heimspekings, „Það sem Brynjólfur Bjarnason sá“. Umræður, fyrirspurnir og kaffiveitingar.



Jón Axel í SPRON

Jón Axel Björnsson, sem hefur haldið hvorki meira né minna en 14 einkasýningar frá árinu 1982, opnar sína fimmtánda í útibúi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að Álfabakka 14 í Mjóddinni á sunnudaginn kl. 14. Þar verður opið til 16 á sunnudaginn en annars er hægt að skoða verkin hvenær sem er á afgreiðslutíma bankans.

HVAÐ ER Á SEYÐI?

bótardegi. Boðið verður upp á akstur fyrir þá sem það kjósa og lagt af stað frá Hafnarfjarðarkirkju kl. 13. Þeim síð verður haldið að taka altaristöflumynd kirkjunnar niður við lok haustmessunnar og færa hana til vetursetu í hlýrri húsakynnum. Kaffiveitingar verða í boði fyrir kr. 500 til stuðnings við starfsemi skólans.

Myndlistarsýning frá Voronezh í Rússlandi



Sýning málverka þriggja myndlistarmanna frá borginni Voronezh í Rússlandi verður opnuð í sýningarsal MÍR, Vatnsstíg 10 nk. laugardag kl. 15. Einn rússnesku listamannanna kemur hingað til lands í tilefni sýningarinnar sem félagið MÍR og sendiráð Rússlands á

Íslandi standa fyrir. Aðgangur ókeypis og öllum heimill.

Hafnarborg

Fyrstu tónleikar Tríós Reykjavíkur í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar á þessu starfsári verða sunnudaginn 25. október kl. 20 en þetta er nýfunda starfsár tríósins í Hafnarborg.

Árbæjarkirkja

Sunnudaginn 25. október verður almennt guðsþjónusta kl. 11. Þar koma góðir gestir, Gísli Alfreðsson og Valur Skagfjörð ásamt Guðrúnu Gunnarsdóttur. Um kvöldið mun æskulýðsfélagið standa fyrir tónlistarguðsþjónustu og spilar hljómsveitin „42“. Eftir það verður gestum boðið að gæða sér á lengsta bananaspilti landsins sem er 30 metra langur ís.

Landsbjörg


Í dag stendur Landsbjörg, landssamband björgunarsveita fyrir framhaldsnámskeiði í áfallahjálpi á Grand hóteli í Reykjavík og hefst það kl. 9.

Tískusýning

Laugardaginn 24. október kl. 20 verður haldin tískusýning í Ráðhúsi Reykjavíkur. Sýndur verður fatnaður sem nemar Fataiðnaðardeildar Iðnskólans hafa hannað og saumað. Nemar frá Eskimó Móðels sýna fatnaðinn og nemar í hárgreiðsludeild Iðnskólans

sjá um hárgreiðslu og nemar í Föðunarskóla Face munu annast föðun.

Vistvænni kostur úr kindamör



Í dag föstudag kl. 12.20 verður flutt erindi í stofu 158, í húsi VR-II H.Í. við Hjarðarhaga. Ragnar Jóhannsson, Iðntæknistofnun, flytur erindi á málstofu efnafraeðiskorar sem hann nefnir; „Vistvænni kostur úr kindamör“, Hreinsiefni fyrir bíla, báta, teppi og pensla úr mör.

Framhald á bls. 24



VÍKING

Föstudags- og laugardagskvöld

FYRSTI VETRARDAGUR

Laugardagskvöld: Í boði Odd-Vitans

AKUREYRINGAR OG NÁGRANNAR!

Nú er komið að því!

Byrjar kl. 22.00

SÖNGVARARNIR

Jóhann Már Jóhannsson

Örn Viðar Birgisson

UNDIRLEIKUR

Daníel Þorsteinsson

ÁSAMT

hinna eldhressu HLJÓMSVEIT

Jósi bróðir & synir Dóra

Sjáumst á Oddvitanum • Verið velkomin
Ókeypis aðgangur

Odd-Vitinn pub-skemmtistaður Strandgata 53 Akureyri Sími 462 6020
Aldurstakmark 20 ára Munið snyrtilegan klæðnað Húsið opnað kl. 22.00



- fyrir þig!

Tilboð

Svínagúllas kr. 898.-kg.

Svínasnitset kr. 898.-kg.

Sérvöru tilboð

Stál hitabúsi m/ þrýstiloki
1 líter kr. 1.690.-

Stál hitabúsi m/ þrýstiloki
líter kr. 1.290.-

Borðlampi Halogen kr. 1.490.-

Heitur matur af hlaðborði
í hádeginu og í kvöldin alla
virka daga og í hádeginu
á laugardögum

Föstudags matseðill:
réttur dagsins: London lamb
með sykurbúnuðum kartöflum,
rauðkáli, og rauðvínssósu.

Hrísalundur fyrir þig.